



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um skóla sem hafa fengið fræðslu frá Samtökunum '78

Á fundi borgarráðs, 19. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Óskað er eftir upplýsingum um hvaða skólar í Reykjavík hafa ekki óskað eftir eða þegið boð Samtakanna 78 um fræðslu sem Samtökin bjóða öllum skólum upp á. Hvaða skólar eru það sem ekki hafa þegið fræðsluna sem hér um ræðir? Samtökin hafa boðið upp á þessa þjónustu um hríð en ekki fengið boð frá öllum skólum í Reykjavík eftir því sem næst er komist.

Svar:

Allir grunnskólar borgarinnar utan einn hafa þegið fræðslu eða ráðgjöf frá Samtökunum '78 á undanförunum þremur árum. Um 30 grunnskólar hafa fengið inn fræðslu fyrir nemendur, í fjórum skólum fengu nemendur hinsegin fræðslu frá öðrum aðila en Samtökunum '78. 23 skólar fengu fræðslu fyrir starfsfólk en aðrir skólar hafa sótt ráðgjöf í síma eða fengið upplýsingar af heimasíðu Samtakanna '78 sér til stuðnings og fræðslu. Aðeins einn grunnskóli í borginni hefur hvorki fengið fræðslu fyrir starfsfólk né nemendur. Þar stendur þó til að fá inn fræðslu fyrir starfsfólk haustið 2023.

Sumir grunnskólar hafa fengið fræðslu, ráðgjöf og stuðning frá sérfræðingi á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar auk þess sem nokkrir skólar eru í ferli um að verða Regnbogavottaðir vinnustaðir.